Á aðalfundi Kayakklúbbsins 2014 var Ólafíu Aðalsteinsdóttur og Sveini Axeli Sveinssyni falið að yfirfara lög félagsins, eftir umræður á aðalfundinum.  Eftir aðalfundinn bárust athugasemdir frá laganefnd ÍSÍ, sem var með lög Kayakklúbbsins til rýni, sem tekið var tillit til í þessum breytingartillögum.

Til upplýsingar í þessum tillögum er rauðlitaður texti sá texti sem mælt er með að fella niður.  Blár texti er sá texti sem er lagt til að verði bætt við.

**4. grein**

**Félagi getur sagt sig úr félaginu með venjulegum fyrirvara.** Stjórn félagsins getur sett félaga sem gerast sekir um vítavert hátterni í fyrirvaralaust æfinga-, keppnis- og ferðabann á vegum félagsins. Slík mál skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi félagsins. Stjórn félagsins getur vísað félagsmanni úr félaginu, ef sýnt þykir að hann hafi brotið öryggisstefnu klúbbsins með þeim afleiðingum að lífi og heilsu hans, félaga hans eða fólks, hafi verið stefnt í voða. Sé félagsmanni vikið úr félaginu getur hann borið mál sitt undir aðalfund félagsins og hefur aðalfundur einn rétt til að breyta ákvörðun stjórnar.

Breytist í:

**4. grein**

Stjórn félagsins getur sett félaga sem gerast sekir um vítavert hátterni í fyrirvaralaust æfinga-, keppnis- og ferðabann á vegum félagsins. Slík mál skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi félagsins. Stjórn félagsins getur vísað félagsmanni úr félaginu, ef sýnt þykir að hann hafi brotið öryggisstefnu klúbbsins með þeim afleiðingum að lífi og heilsu hans, félaga hans eða fólks, hafi verið stefnt í voða. Sé félagsmanni vikið úr félaginu getur hann borið mál sitt undir aðalfund félagsins og hefur aðalfundur einn rétt til að breyta ákvörðun stjórnar.

**7. grein**

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.

2. Skýrsla **(fráfarandi)** stjórnar lögð fram.

3. Skýrslur nefnda lagðar fram.

4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram **og bornir upp til samþykktar.**

5. Umræða um skýrslu stjórnar og nefnda og **afgreiðsla** reikninga.

**6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.**

7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.

8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.

9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.

10. Ákvörðun félagsgjalda.

11. Önnur mál.

12. Fundargerð.

13. Fundarslit.

**Kosning stjórnar og aðrar atkvæðagreiðslur**

Kosningu á aðalfundi skal framkvæma með handauppréttingu en sé þess óskað sérstaklega, skal haldin leynileg atkvæðagreiðsla. Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum atkvæða. Í öðrum kosningum á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti. Aðalfundur getur með 2/3 atkvæða viðstaddra, tekið fyrir mál utan dagskrár aðalfundar**.**

Breytist í:

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram.

3. Skýrslur nefnda lagðar fram.

4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram **og** útskýrðir.

5. Umræða um skýrslu stjórnar og nefnda og reikninga.

**6. Reikningar bornir upp til samþykktar.**

7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.

8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.

9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.

10. Ákvörðun félagsgjalda.

11. Önnur mál.

12. Fundargerð.

13. Fundarslit.

**Kosning stjórnar og aðrar atkvæðagreiðslur**

Kosningu á aðalfundi skal framkvæma með handauppréttingu en sé þess óskað sérstaklega, skal haldin leynileg atkvæðagreiðsla. Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum atkvæða. Í öðrum kosningum á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti. Aðalfundur getur með 2/3 atkvæða viðstaddra, tekið fyrir mál utan dagskrár aðalfundar**, þó ekki lagabreytingar**.